

Fréttapistill frá forseta Íslands

23. nóvember 2020

Þolinmæði þrautir vinnur allar. Þennan vísdóm höfum við átt í þessu landi í yfir þúsund ár og hefur þó gengið á ýmsu. Nú getum við leyft okkur að horfa hóflega bjartsýn fram á veg. Varnir okkar gegn farsóttinni virðast virka, bóluefni er í auglýsni. Mikið vona ég að við höldum áfram á réttri leið, sinnum okkar eigin sóttvörnum, fylgjum tilmælum um tveggja metra mannhelgi, notum grímur þar sem við á og höldum þetta út saman. Senn getum við svo notað það einingarafi til að snúa vörn í sókn. Þá verður aftur feiknakraftur í mannlífínu öllu. Við verðum snögg að komast aftur á skrið.

Sunnudaginn 15. nóvember tók ég þátt í alþjóðlegum minningardegi um þá sem látist hafa í umferðarslysum. Venja er að dagsins sé minnst með athöfn við Landspítala í Reykjavík en því varð ekki komið við í ár vegna þeirra sóttvarna sem nú eru í gildi. Um land allt var þess í stað boðað til táknrænna minningarathafna og flutti ég ávarp sem sjá má hér:

<https://www.youtube.com/watch?v=XpACYR6zDiw&feature=youtu.be>

Daginn eftir, á mánudaginn var, átti ég fjarfund með Egils Levits, forseta Lettlands. Við ræddum um baráttu Íslendinga og Letta við veiruna skæðu, nauðsyn alþjóðlegs samstarfs í þeim efnum og mögulega þróun mála á næstunni. Einnig ræddum við þau tímamót næsta sumar að þá verða 30 ár frá því að Lettland endurheimti sjálfstæði sitt eftir rúmlega hálfri aldar ok undir sovésksri harðstjórn. Eistland og Litáen fengu frelsi um sömu mundir og varð Ísland fyrst ríkja á Vesturlöndum til þess að taka á ný upp stjórnmalasamband við stjórnvöld í þessum þremur Eystrasaltsríkjum. Á sínum tíma skrifaði ég meistararitgerð mína í sagnfræði um stuðning Íslendinga við sjálfstæðisbaráttu Eystrasaltslandanna og Levits var í forystusveit lettneskra sjálfstæðissinna. Við höfðum því um margt að spjalla.

Síðastliðinn miðvikudag var þjóðhátíðardagur Lettlands, 18. nóvember árið 1918 lýstu Lettar yfir sjálfstæði. Hér á landi býr nú á annað þúsund Letta og færi ég þeim heillaóskir í tilefni þessa hátíðardags þeirra.

Á fimmtudaginn var tók ég þátt í athöfn til heiðurs Bertel Thorvaldsen, listamanninum góða sem gerði garðinn frægan um alla Evrópu á nítjándu öld og lifir enn í verkum sínum. Bertel fæddist 19. nóvember 1770, sonur danskrar móður og íslensks föður. Hann bjó aldrei hér á landi en var stoltur af íslenskum uppruna sínum. Að morgni fimmtudagsins lagði ég blómsveig að stytta Bertels í Hljómskálagarðinum í Reykjavík. Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra sótti viðburðinn sömuleiðis auk nokkurra annarra sem heiðruðu minningu og lífsstarf hins mikla myndhöggvara með þessum hætti. Í þeim hópi var Bjarni Harðarson, bóksali og útgefandi. Bókaútgáfan Sæmundur hefur endurútféið ævisögu Bertels Thorvaldsens eftir séra Helga Konráðsson. Mér hlotnaðist sá heiður að rita formála þess verks og hefst hann svo:

„Mestur listamaður Norðurlanda.“ Það maklega lof er meitlað á stöpul styttunnar af Bertel Thorvaldsen sem hann skóp sjálfur og stendur nú í Hljómskálagarðinum í Reykjavík. Það var í tilefni þúsund ára Íslandsbyggðar árið 1874 að sjálfsmýndin sú var reist, reyndar þá á Austurvelli. Rúmri hálfri öld síðar var henni hnikað til suðurs í Hljómskálagarð svo að hægt væri að setja stytta Jóns Sigurðssonar fyrir framan Alþingishúsið. Jón forseti var líklega sá eini sem gat steipt Bertel Thorvaldsen af stalli. Sóminn er þó samur. Hér á Bessastöðum er málverk hins franska Vernets af Thorvaldsen eitt það fyrsta sem gestir reka augun í þegar inn er komið.“

Síðastliðið föstudag sótti ég hátíð Barnaheilla, á alþjóðadegi barna. Auðvitað var þessi árlegi viðburður með öðrum brag en venjulega. Við vorum fá á staðnum en þar skipti öllu máli að þangað var kominn verðugur viðurkenningarhafi Barnaheilla, Guðmundur Fylkisson aðalvarðstjóri. Guðmundur leitar að týndum börnum og kemur þeim til hjálpar. Hann hefur áunnið sér traust margra ungmenna sem tortryggja allt og alla, ekki síst yfirvaldið, og hefur án efa bjargað mannlífum í starfi sínu. Ég ítreka þakkar mínar og heillaóskir til Guðmundar. Upplýsingar um viðburðinn og hann sjálfan má sjá með því að fylgja þessum slóðum:

<https://www.barnaheill.is/.../gudmundur-fylkisson-hlytur...>

<https://www.facebook.com/BarnaheillSaveTheChildrenIceland/videos/172796757823054>

Þennan sama föstudag kom ég einnig að annarri skemmtilegri stund, viðurkenningu til framúrskarandi ungs Íslendinga sem samtökin JCI Ísland standa fyrir ár hvert. Samkvæmt venju voru tíu tilnefnd og hefðu þau öll verið vel að nafnbótinni komin. Hún féll að þessu sinni í skaut Elísabetar Brynjarsdóttur hjúkrunarfræðings, verkefnastjóra Frú Ragnheiðar, skaðaminnkandi þjónustu Rauða krossins. Elísabet er svo sannarlega vel að þessum heiðri komin og óska ég henni hjartanlega til hamingju. Ég flutti hinum tilnefndu kveðju og færði viðurkenningarhafanum líka sérstakar heillaóskir. Nánari upplýsingar má sjá hér:

<https://framurskarandi.is/.../framurskarandi-ungur.../>

Á einni myndanna að neðan sést Guðlaug Birna Björnsdóttir, landsforseti JCI, sýna Elísabetu kveðju mína. Þegar fram líða stundir verða myndir af þessu tagi ágætur vitnisburður um þá óvenjulegu tíma sem við lifum núna. Ég óska ykkur öllum velfarnaðar og vona að við berum gæfu til að njóta aðventunnar með því að sjá veirusmitum fækka áfram þannig að óhætt verði að aflétta í áföngum þeim hömlum sem við höfum þurft að setja á mannamót og allan gang samfélagsins. Góðar stundir.